

LESIÐ FYRIR BLÖNDUN


Ítarlegar leiðbeiningar og upplýsingar um lyfið er að finna í samantekt á eiginleikum lyfs

- Aðeins heilbrigðisstarfsfólk sem hefur reynslu af þessu verklagi skal undirbúa og gefa ELIGARD.
- Greint hefur verið frá tilvikum um ranga meðhöndlun sem hugsanlega getur leitt til þess að verkun lyfsins verði ekki sem skyldi. Röng meðhöndlun getur átt sér stað hvenær sem er í undirbúningsferlinu.
- Fylgja verður leiðbeiningum um undirbúning, blöndun og lyfjagjöf nákvæmlega.
- Þar sem rangur undirbúningur, blöndun eða lyfjagjöf getur leitt til þess að verkun lyfsins verði ekki sem skyldi skal mæla testósteróngildi í tilvikum þar sem grunur leikur á eða vitað er að mistök hafi orðið við meðhöndlun lyfsins.
- Látið lyfið ná stofuhita með því að taka það úr kæli um það bil 30 mínútum fyrir notkun.
- Gefið ELIGARD undir húð strax eftir blöndun.

SKREF 1

Opnið bakkann með því að rífa þynnuna af frá horni bakkans. Tæmið innihald bakkans á hreinan flöt. Eftir að bakkinn hefur verið opnaður skal farga þurrkefnispakkanum sem fylgir í öskjunni. Takið fortengda sprautukerfið úr bakkannum. Opnið þakningu öryggisnálarinnar með því að fletta pappírslípanum af.

Innihald bakka: fortengt sprautukerfi




Undir bakka: öryggisnál og hetta



SKREF 2

Grípið um læsihnaðinn á tenginu með fingri og þumalfingri og þrýstið saman þar til smellur heyrir. Sprauturnar tengjast saman.

Ekki beygja sprautukerfið þar sem það getur valdið leka.



SKREF 3


Haldið sprautunum í láréttri stöðu og flytjið vökvann úr **sprautu A** yfir í leuprorelinasetat stungulyfsstofninn sem er í **sprautu B**.

Blandið lyfinu vel saman með því að þrýsta varlega innihaldi beggja sprauta fram og til baka á milli þeirra 60 sinnum í láréttri stöðu til að fá einsleita, seigfljótandi lausn.

Athugið: Einni umferð lýkur þegar þrýst hefur verið á stimpilinn fyrir bæði **sprautu A** og **sprautu B** einu sinni.

Þegar seigfljótandi lausnin hefur verið vandlega blönduð er hún litlaus, hvítleit eða fölbrún.

Eftir að blöndun er lokið skal halda tafarlaust áfram í næsta skref þar sem seigja lyfsins eykst smám saman. Ekki setja blönduðu lausnina í kæli. Ef lyfið er hrist blandast það **EKKI á fullnægjandi hátt.**




SKREF 4

Eftir blöndun skal halda sprautunum lóðrétt með **sprautu B** fyrir neðan.

Sprauturnar eiga að vera tryggilega tengdar saman.

Dragið síðan allt blandaða lyfið upp í **sprautu B** með því að þrýsta niður stimpilinn á **sprautu A** og draga stimpilinn á **sprautu B** örlítið til baka.




SKREF 5

Haldið um tengið og skrúfið það af **sprautu B** en gætið þess að stimpilinn á sprautu A sé þrýst alveg niður á meðan.

Sprauta A verður áfram föst við tengið. Gætið þess að ekkert af lyfinu leki út þar sem nálin mun þá ekki festast tryggilega við sprautuna.

Ein stór eða nokkrar litlar loftbólur geta verið til staðar í lausninni – það er ásættanlegt.

Ekki má fjarlægja loftbólurnar úr **sprautu B** á þessu stigi þar sem þá getur hluti af lyfinu farið til spillis.




SKREF 6

Haldið **sprautu B** uppréttri og haldið hvíta stimplinum útdregnum til að koma í veg fyrir að lyf tapist.

Tengið öryggisnálinu við sprautu B með því að halda á sprautunni og snúa nálinni varlega réttsælis u.þ.b. þrjá fjórðu úr hring þar til nálin er föst.

Herðið ekki of mikið þar sem það getur valdið því að það komi sprunga á nálartengið sem veldur því að lyfið lekur meðan á inndælingunni stendur.

Gefið lyfið undir húð strax eftir blöndun.



SKREF 7


Færið öryggishlífina frá nálinni og takið hettuna af nálinni rétt fyrir gjöf lyfsins.

MIKILVÆGT: Ekki eiga við öryggisbúnaðinn á nálinni fyrr en komið er að lyfjagjöf.

EKKI má nota lyfið ef nálartengið virðist vera skemmt eða ef leki er sýnilegur.

EKKI má skipta um skemmdu nálinu og EKKI má sprauta lyfinu.

Ef nálartengið skemmist skal nota annað ELIGARD-sett.




SKREF 8

Fjarlægjið allar stórar loftbólur úr sprautu B fyrir lyfjagjöf. Lyfið er gefið undir húð og þess gætt á meðan að halda öryggishlífinni frá nálinni.

AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF:

- Veljið stungustað á kvið, efri hluta rasskinna eða annan stað með hæfilegu magni af undirhúð þar sem ekki er of mikið af litarefni, hnútum, sárum eða hárum og sem hefur ekki verið notaður nýlega.
 - Hreinsið stungustaðinn með sprittþurrku (fylgir ekki með).
 - Klípið þétt um húðina í kringum stungustaðinn með þumal fingri og vísifingri.
 - Stingið nálinni hratt inn með ríkjandi hendi þannig að nálin myndi 90° horn við yfirborð húðarinnar.
- Magn og fylling undirhúðarinnar og lengd nálarinnar stjórna því hversu djúpt nálin fer inn. Þegar nálin er komin inn skal sleppa húðinni.
- Sprautið lyfinu inn með því að þrýsta stimplinum jafnt og rólega niður alla leið þar til sprautan er tóm.
- Gangið úr skugga um að öllu lyfinu úr sprautu B hafi verið dælt inn áður en nálin er fjarlægð.
- Haldið stimplinum áfram niðri og dragið nálinu snögg út með sama 90° horni og notað var við innstunguna.



SKREF 9

Strax eftir að nálin hefur verið dregin út skal virkja öryggishlífina með því að þrýsta fingri/ þumal fingri á hlífina (eða nota til þess flatt yfirborð) þar til hlífin hylur nálaroddinn alveg og festist á sinn stað.

Þegar hlífin festist á sinn stað á að heyrast smellur.

Lokað á flötu yfirborði



EÐA

Lokað með þumal fingri



Þegar öryggishlífinni hefur verið lokað skal setja nálinu og sprautuna í þar til gert ílát fyrir oddhvassa hluti.

TILKYNNING AUKAVERKANA

- Öll tilvik um ranga geymslu, undirbúning, blöndun og lyfjagjöf ELIGARD skal tilkynna beint til Recordati.
- Allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu skal tilkynna til Recordati og til Lyfjastofnunar.
- Aukaverkanatilkynningar má senda með tölvupósti til umboðsaðila Recordati, customersafety@recordati.com og til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is eða í gegnum eyðublað (Tilkynning um aukaverkun) sem er að finna í Sögu.